

5. mars 2011

Yfirlýsing Landsbankans vegna samruna við Spkef

- Samkvæmt ákvörðun Fjármálaeftirlitsins (FME) hefur verið ákveðið að sameina rekstur Landsbankans og Spkef frá og með mánudagsmorgninum 7. mars klukkan 8.30.
- Frá og með þeim tíma verða allir starfsmenn Spkef starfsmenn Landsbankans.
- Landsbankinn yfirtekur frá sama tíma allar eignir og skuldir Spkef, þ.e. útlán og innlán og alla samninga fyrirtækisins við birgja, þjónustufyrirtæki og aðra.
- Starfsemi höfuðstöðva Spkef verður óbreytt fyrst um sinn og öll útibú Spkef opna á hefðbundnum tíma á mánudag.
- Starfsmannafundur með öllum starfsmönnum Spkef verður á mánudagsmorgun kl. 8.
- Ríkissjóður leggur Landsbankanum til fjárframlag til að mæta neikvæðri eignastöðu Spkef. Framlagið ræðst af verðmæti eigna sparisjóðsins. Nýju mati á þeim verður lokið í apríl.

Viðræður um samruna Landsbankans og Spkef hafa ekki staðið lengi. Nú þegar hún liggur fyrir er jafnframt ljóst hver verða mikilvægustu málin til skamms tíma.

- ✓ Starfsmannamál.
- ✓ Viðskiptatengsl og viðhald þeirra.
- ✓ Framtíð einstakra útibúa.
- ✓ Framtíð höfuðstöðva.
- ✓ Mat á eignum Spkef.
- ✓ Samruni rekstrar og þjónustu Landsbankans og Spkef.

Landsbankinn rekur öflugasta útibúanet landsins og með samrunanum mun bankinn geta boðið enn betri þjónustu en áður á landsbyggðinni. Mikilvægur þáttur í því er að nýta þann mannauð sem býr í starfsfólki Spkef. Fyrirsjáanlegt er að hægt verður að ná fram hagræðingu á mörgum sviðum með samrunanum, sérstaklega á sviðum sem njóta mikillar stærðarhagkvæmni, t.d. í margskonar bakvinnslu og kerfisþróun.

Steinþór Pálsson bankastjóri Landsbankans segir;

„Þetta er mikilvægt skref í sögu Landsbankans og mjög viðamikilið verkefni sem okkar bíður. Við þekkjum vel kröfuna um hagræðingu í bankakerfinu og verðum að hafa kjark til að horfast í augu við nauðsyn hennar. Ekki síður verðum við að hafa kjark til að viðurkenna að hagræðing má ekki verða á kostnað samfélagssáttar og okkar verkefni er að sætta þessi sjónarmið.“

Við hlökkum til að kynnast fólkinu í Spkef og vinna með því, starfsfólk sparisjóðanna hefur alltaf verið í miklum metum meðal viðskiptavina sinna og við getum lært af því. Núverandi viðskiptavinir Spkef geta því gengið að því sem vísu að þeim verður áfram sinnt af alúð.

Í stefnu Landsbankans kemur skýrt fram sá vilji starfsmanna bankans að vera hreyfiafl í samfélaginu og undir þeim merkjum tókumst við á við þessa sameiningu. Okkar markmið er að skila eigendum og samfélagi ávinningi og að því munum við stefna.“